

Dalagisting ehf.

Aðalfundur 2026

Aðalfundur Dalagistingar ehf. haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal þriðjudaginn 7. júlí 2026 kl. 12:00.

Á fundinn voru boðaðir fulltrúar hluthafa en hluthafar eru Dalabyggð (72,69%), Búnaðarfélag Hvammsfjarðar (7,75%), Flugleiðahótel ehf. (7,57%), Búnaðarfélag Miðdala (6,64%), Búnaðarfélag Laxárdals (3,32%) og Búnaðarfélag Hörðudals (2,03%).

Mætt eru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason (fulltrúi Dalabyggðar), Þuríður Jóney Sigurðardóttir (fulltrúi Dalabyggðar) og Guðlaug Kristinsdóttir (fulltrúi Dalabyggðar).

Garðar Freyr Vilhjálmsson (fulltrúi Dalabyggðar) boðaði forföll og Guðmundur Gunnarsson (fulltrúi Búnaðarfélaganna) boðaði forföll og í hans stað mætti Sigursteinn Hjartarson.

Samkvæmt samþykktum (14. gr.) er dagskrá aðalfundar eftirfarandi:

Stjórn samþykkir frávík frá dagskrá þar sem felldir eru út liðir tengdir uppgjöri á árinu 2025 þar sem ársreikningur er ekki afgreiddur á fundinum.

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu ári.

Enginn stjórnarfundur haldinn þar sem ekki var gengið frá sölunni á fasteignum Dalagistingar að Laugum fyrr en á árinu 2026.

2. Efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðið starfsár lagðir fram.

Farið yfir drög á ársreikningi Dalagistingar fyrir árið 2025. Ljóst er að hann mun taka breytingum þegar endanlegar forsendur tengdar söluhagnaði á fasteignum liggja fyrir. Samþykkt að boðað verði til framhaldsaðalfundar sem fara skal fram fyrir lok septembermánaðar.

Samþykkt samhljóða

3. Kjör stjórnar og endurskoðenda

Samþykkt tillaga um að stjórn félagsins verði:

Guðlaug Kristinsdóttir

Guðmundur Gunnarsson

Ingveldur Guðmundsdóttir

Sindri Geir Sigurðsson

Guðbrandur Tumi Gíslason

FEB
RP
P

Varðandi kjör formanns stjórnar: Ákveðið að bíða með kjör á formanni þar til á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar. Framkvæmdarstjóri verður í sambandi við Guðlaugu Kristinsdóttur fyrir hönd stjórnar þar til formaður hefur verið kjörinn.

Samþykkt að varastjórn félagsins verði skipuð með eftirfarandi hætti:
Fyrsti varamaður verði Ingibjörg Þóranna Steinudóttir og annar varamaður verði Sigursteinn Hjartarson.

Varðandi endurskoðendur þá var samþykkt að kjósa ekki endurskoðendur fyrir félagið en í stað þess að kjósa tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara.
Skoðunarmenn reikninga voru kosnir Skjöldur Orri Skjaldarson og Bjarnheiður Jóhannsdóttir, til vara Jóhanna María Sigmundsdóttir og Þuríður Jóney Sigurðardóttir.

4. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Tillaga lögð fram um að þóknun stjórnarmanna verði 5.000 kr. fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og 15.000 kr. Fyrir staðfund. Framkvæmdarstjóri þiggi ekki laun skv. tillögu hans sjálfs.

Samþykkt samhljóða

5. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.


Engin önnur mál


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.40

Fundargerð ritaði Lilja Björg Ágústsdóttir


Eyjólfur Ingvi Bjarnason


Guðlaug Kristinsdóttir


Sigursteinn Hjartarson


Þuríður Jóney Sigurðardóttir